



Fundargerð

Svæðisráð norðursvæðis - 82. fundur svæðisráðs norðursvæðis haldinn á fjarfundi, þriðjudaginn 29. júní 2021, kl. 17:00.

Fundinn sátu:

Anton Freyr Birgisson, formaður svæðisráðs, aðalfulltrúi Skútustaðahrepps, Ásvaldur Ævar Þormóðsson, aðalfulltrúi Þingeyjarsveitar, Grétar G. Ingvarsson, aðalfulltrúi Samtaka útivistarféлага, Hjördís Finnbogadóttir, aðalfulltrúi umhverfisverndarsamataka, Hjalti Páll Þórarinnsson, varafulltrúi Ferðamálasamtaka Norðurlands eystra, Guðmundur Ögmundsson, þjóðgarðsvörður, Anna Þorsteinsdóttir, þjóðgarðsvörður á norðursvæði - hálendi, Guðrún Jónsdóttir, þjóðgarðsvörður.

1. Stígagerð í Jökulsárgljúfrum - 2106071

Umræða um framkvæmdir við stíga í Jökulsárgljúfrum.

Svæðisráð Vatnajökulsþjóðgarðs norður telur að lagfæra verði hjólastíg og reiðleið í Jökulsárgljúfrum sem unninn var upp sumarið 2020 og frágang efnis við hann. Stígurinn er um fjórir kílómetrar að lengd og liggur í suðurátt frá Ási. Grunnur hans er gömul slóð sem notuð hefur verið sem reiðleið síðustu áratugi. Miklu efni hefur verið ýtt upp úr slóðinni og liggur það í stórum hrúgum meðfram stígnum. Bæði er þörf á almennum leiðbeiningum um hvernig æskilegt er að standa að stígagerð í vistkerfi eins og um ræðir og sértækari leiðbeiningum um hvaða frágangur er viðeigandi á því efni sem til hefur fallið. Varðandi leiðsögnina er vísað til laga nr. 155/2018 um hlutverk Landgræðslunnar þar að lútandi. Svæðisráð hvetur þjóðgarðsvörð til að leita til Landgræðslunnar eftir ráðgjöf varðandi þessi verkefni.

2. Norðursvæði Jökulsárgljúfur - af vettvangi - 1910005

Þjóðgarðsvörður fór yfir helstu mál er varða starfsstöð þjóðgarðsins í Jökulsárgljúfrum.

3. Norðursvæði hálendi - af vettvangi – 1909020

Þjóðgarðsvörður fór yfir helstu mál er varða starfsstöð Vatnajökulsþjóðgarðs í Mývatnssveit.

Fundargerð ritaði: Anna Þorsteinsdóttir, þjóðgarðsvörður.

Fundi slitið kl. 18:15.